

Föstudaginn 5. janúar 1996.

Nr. 4/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
 gegn
Baldri Gunnarssyni
 (Erlendur Gíslason hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 2. janúar sl. Krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar, þó þannig, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 16. febrúar 1996 kl. 16.00.

Af gögnum málsins verður ráðið, að rannsókn þess sé vel á veg komin. Hefur ekki verið leitt í ljós, að þörf sé gæsluvarðhalds yfir varnaraðila vegna rannsóknarhagsmuna, sbr. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Á hinn bóginn er uppi rökstuddur grunur um, að varnaraðili hafi framið brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda var ætlað brot hans sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, sem notuð var. Er brotið og þess eðlis, að telja verður gæsluvarðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Verður varnaraðila því gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður fallist á kröfu sóknaraðila um, að gæsluvarðhald standi allt til föstudagsins 16. febrúar 1996 kl. 16.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Baldur Gunnarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 16. febrúar 1996 kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. janúar 1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur í dag krafist þess, að Baldri Gunnarsyni, kt. 231166-4759, Bláskógum 9, Hveragerði, dvalarstaður Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 45 daga, það er til föstudagsins 16. febrúar 1996 kl. 16.00, vegna ætlaðs brots á 211. gr., sbr. 20. gr., og /eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu kærða er fram kominni kröfu andmælt, en til vara er þess krafist, að gæsluvarðhaldinu verði afmarkaður mun skemmri tími en krafist er.

— — —

Álit réttarins.

Atlagan að X, sofandi á heimili sínu, var afar hættuleg. Leifur Jóhannsson, læknir á slysadeild Borgarspítalans, hefur skýrt RLR frá því, að margir hálsvöðvar hafi verið skornir sundur á hálsi X og litlu mátt muna, að stórar æðar hefðu skaðast við árásina. Hann taldi áverkann þess eðlis, að um eitt hnífsbragð hefði verið að ræða eftir mjög beittan hníf eða eggjárn. Var X í losti eftir atburðinn. Gert var að sárum hans og kragi settur um hálsinn. Var fyrirhugað, að hann yrði á spítalanum einn dag.

Rökstuddur grunur er um, að kærði sé valdur að þessum hættulega verknaði. Eigin framburður hans og önnur sönnunargögn benda eindregið til þess. Frumrannsókn málsins er vel á veg komin, en þó ekki lokið, og þykja því skilyrði til að úrskurða kærða í gæsluvarðhald á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þá er sterkur grunur um, að kærði hafi framíð alvarlegt brot, sem varðað geti við 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en viðurlög geta í fyrra tilviki varðað allt að ævilöngu fangelsi, en allt að 16 ára fangelsi í hinu síðara.

Gæsluvarðhaldið þykir því einnig mega byggja á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt þessu þykir verða að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, og verður kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til 2. febrúar 1996 kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Baldur Gunnarsson, kt. 231166-4759, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 2. febrúar 1996 kl. 16.00.